



Fundargerð 6. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 3. júní 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Linda Karlsdóttir (LK), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Mættir varamenn: Ásta Sigurðardóttir (ÁS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Andri Már Sveinsson (AMS).

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ).

BH ritaði fundargerð

1. Valnefnd AKÍS

Stjórn skipar fimm manna valnefnd vegna kjörs á Akstursíþróttafólki ársins. Þrír einstaklingar hafa verið staðfestir og starfsmanni falið að hafa samband við eftirstandandi aðila af lista stjórnar þeirra sem til greina koma svo stjórn geti staðfest þátttöku þeirra sem fyrst.

2. Formannafundur AKÍS

Stjórn ræðir tillögu um að formannafundur verði haldinn daginn fyrir lokahóf frekar en samdægurs. Í umræðum kemur fram að oft skapist mikið álag eftir formannafund við að koma síðustu handtökum fyrir lokahóf í höfn.

Stjórnin ákveður að halda fundinn áfram sama dag og lokahófið en sameinast um að undirbúningi verði hagað þannig að starfsmaður þurfi ekki að sitja formannafundinn og geti þannig frekar sinnt því sem þarf fyrir lokahófið og fleiri hendur komi að undirbúningi lokahófs.

SIS og AMS komu inn á fundinn á þessu stigi.

3. NEC uppgjör

Formaður fer yfir uppgjör NEC móts sem haldið var nýlega. Stjórn gerir ekki athugasemdir við uppgjörið.

4. Siðareglur AKÍS

Formaður leggur til við stjórn að farið verði yfir gildandi siðareglur og þær endurskoðaðar og uppfærðar eftir þörfum. Sérstaklega í ljósi breytinga sem nýlega voru gerðar á viðauka Reglubókarinnar um mál þessu tengt. AÓS og ÁS taka málið áfram.

5. Önnur mál

Stjórn hafa borist athugasemdir við gildistíma réttinda fyrir dómnefndarmenn og keppnisstjóra. Sérstaklega hvort endurskoðað yrði að sinna þurfi hlutverki að minnsta kosti á tveggja ára fresti til að halda réttindum. Stjórnin ræddi málið í þaula og ákvað að ekki sé ástæða til að gera breytingar á kerfinu að sinni og það sé að skila þeim árangri sem til er ætlast.



Bílaklúbbur Akureyrar sendi stjórn erindi og fór fram á færslu á rallycross keppni sem í dagatali er skráð 19. júlí verði færð til 20. júlí þar sem hún skarast annars við torfærukeppni á Blönduósi. Stjórnin fellst á erindið og heimilar færslu þessarar keppni. Keppnisdagatal verður uppfært.

Axel Sigurðsson hefur sagt sig úr Torfæruráði. Torfærklúbburinn hefur ekki skipað nýjan mann í hans stað ennþá en það er í vinnslu.

Til kynningar:

- Fyrirlesturinn "Þú ert frábær" verður haldinn fimmtudaginn 5. júní kl. 20:00 í fundarsal ÍSÍ. Hann verður einnig aðgengilegur í streymi.

Næsti fundur verður haldinn 1. júlí kl. 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:14.